



Fræðsla – minnisþingir fyrir glærur

- Söngvakeppni Sjónvarpsins 1
 1. **Söngvakeppni Sjónvarpsins**
 2. Lagið er frá árinu **1986**

Þetta var fyrsta íslenska Eurovision-lagið
Pálmi Gunnarsson, Helga Möller, Eiríkur Hauksson sungu lagið sem tríóið ICY
 3. **Magnús Eiríksson** samdi lagið og textann.
 4. Lagið lenti í **16. sæti**

Ísland hefur oft lent í 16. sæti í Eurovision.
 5. **Hlusta**

Hresst popp-lag.
Sinfóníu-hljómsveit spilar undir, hljómsveitarstjórinn sést í upphafi myndbandsins.
 6. Lagið er frá árinu **1991**
 7. **Eyjólfur Kristjánsson** samdi lagið og textann og söng.
 8. **Stefán Hilmarsson** söng líka.

Hann syngur í dag með hljómsveitinni Sálín hans Jóns míns.
 9. **Hlusta**

Popp-lag.
Píanóið spilar upphafsstefið.
 10. Framlag Íslands til Eurovision í ár (**2015**).
 11. **María Ólafsdóttir**, aðeins 21 árs gömul, syngur lagið.

Sagt er að hún sé “stór rödd í litlum líkama”.
 12. **Hlusta**

Dans-popp-lag.
Byrjar rólega, síðan byrjar dans-takturinn.

- Söngvakeppni Sjónvarpsins 2
 1. **Söngvakeppni Sjónvarpsins**
 2. Lagið er frá árinu **1999**

Það var í fyrsta skipti sem íslenska Eurovision-lagið var **sungið á ensku**.





3. **Selma Björnsdóttir** söng.
 4. Lagið lenti í **2. sæti**
Þetta var í fyrsta skipti sem Ísland var svona nálægt því að vinna.
 5. **Hlusta**
Hresst dans-lag.
 6. Lagið er frá árinu **2009**
 7. **Jóhanna Guðrún** söng lagið.
Hún var barnastjarna, gaf út sína fyrstu plötu 9 ára gömul.
 8. Lagið lenti í **2. sæti** (sbr. "All out of luck" hér á undan).
Sagt var að Jóhanna Guðrún hafi verið besta söngkona keppinnar það ár.
 9. **Hlusta**
Ballaða – rólegt, krafmikið popp-lag.
Í byrjun heyrir selló.
 10. Lagið er frá árinu **2013**
11. **Eyþór Ingi** söng.
Það var í fyrsta skipti í mörg ár að íslenska lagið var sungið á íslensku.
12. Eyþór Ingi hefur sungið í nokkrum frægum **söngleikjum** (Oliver, Les Miserable, Jesus Christ Superstar).
13. **Hlusta**
Ballaða – hægt, kraftmikið popplag.
Í byrjun heyrir píanó.

- Óskalög þjóðarinnar 1944-53

1. **1944-1953**
2. Ísland varð **lýðveldisríki**, fékk sjálfstæði frá Danmörku.
Því var fagnað á Þingvöllum 17. júní, á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar.
3. Textinn fjallar um **Reykjavík** og minningar tengdar æskuárum þar.
4. **Haukur Morthens** samdi lagið.
Hann var frægur dægurlaga-söngvari frá 1944. Söng sjálfur lagið upphaflega.
Hann er föðurbróðir Bubba Morthens.





5. **Björk og KK** sungu lagið saman 1991 á plötunni “Sódóma Reykjavík”.
Pau syngja lagið í **jazz**-stíll.
 6. **Hlusta**
 7. **Björn Jörundur** söng lagið í Óskalögum Þjóðarinnar.
Hann syngur lagið í **rokk**-stíl.
Hann er söngvari í hljómsveitinni Nýdönsk (byrjaði sem bassaleikari).
Hann er líka leikari.
 8. **Hlusta**
 9. Textinn fjallar um litlu fluguna sem getur flogið **inn um gluggann** og kítlað nef stelpunnar sem sefur.
 10. **Sigfús Halldórsson** samdi lagið.
Hann var píanóleikari og söngvari.
Hann samdi mörg dægurlög sem við þekkjum vel í dag (t.d. Í grænum mó, Lítil fugl, Dagný).
Hann hannaði leiktjöld fyrir leikhúsið.
 11. **Lay Low** söng lagið í Óskalögum Þjóðarinnar.
Hún heitir réttu nafni Lovísa Elísabet.
Hún spilar á gítar.
 12. **Hlusta**
 13. Textinn fjallar um **lífið á sjó** og **heimþrána** tengda því.
Lagið var samið fyrir danslagakeppni árið 1953.
 14. **Ágústa Eva** Erlendsdóttir söng lagið í Óskalögum Þjóðarinnar.
Hún er söngkona og leikkona, hefur leikið meðal annars Sylvíu Nótt og Línu Langsokk.
 15. **Hlusta**
- Óskalög Þjóðarinnar 1954-63
 1. **1954-1963**
 2. Textinn fjallar um **Þingvelli** (Ármannsfellið, Skjaldbreið o.fl.) og um **ást**.
 3. **Jón Múli Árnason** samdi lagið.
Jónas Árnason samdi textann.
Þeir voru bræður, frá Vopnafirði, sömdu mörg lög saman.





4. **Elísabet Eypórsdóttir** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.
Hún er úr mikilli tónlistarfjölskyldu, foreldrar hennar eru Ellen Kristjáns (söngkona) og Eypór Gunnarsson (píanóleikari).
Hún er í hljómsveitinni **Sísý Ey** með systurum sínum.
 5. **Hlusta**
 6. Textinn fjallar um **ást**, um að leiðast hönd í hönd, um nóttina og um **norðurljós**.
 7. **Páll Óskar** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.
Hann er söngvari, lagahöfundur og plötusnúður.
Hann syngur diskó og ballöður. Þetta lag er **ballaða**.
 8. **Hlusta**
 9. Lagið var samið fyrir **kvikmynd**: “79 af stöðinni”.
Kvikmyndin er frá 1962.
Ellý Vilhjálms söng lagið í kvikmyndinni.
 10. **Sigfús Halldórsson** samdi lagið.
Ath. hann samdi einnig lagið “Litla flugan” sem rætt var um í síðustu viku.
 11. **Hlusta**
Katrína Mogensen söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar, söngkona hljómsveitarinnar Mammút.
- Óskalög þjóðarinnar 1964-73
 1. **1964-1973**
 2. Lögin í fræðslunni í dag tengjast öll **Keflavík** á einn eða annan hátt.
Bærinn er þekktur fyrir blómlegt tónlistarlíf.
Hann er einnig þekktur fyrir alþjóðaflugvöllinn og bandarísku herstöðina sem var þar til ársins 2006.
 3. Textinn fjallar um **ástina**, að horfast djúpt í augu er fyrir marga tákni um ást.
Augunum líkt við tvær stjörnur.





4. **Gunnar Þórðarson** samdi lagið.

Hann er oft tengdur við **Keflavík**, flutti til Keflavíkur sem barn.

Hann er gítarleikari, hefur spilað með Trúbrot, Ríó Trío og Guitar Islancio.

Hann er tónskáld, hefur samið mörg þekkt dægurlög og einnig óperu (Ragnheiður).

5. Hljómsveitin **Hljómar** gerði lagið frægt.

Hún var ein af fyrstu rokk-hljómsveitum Íslands, hefur verið kölluð Bítla-hljómsveit Íslands.

Meðlimir hljómsveitarinnar voru allir frá Suðurnesjum.

6. **Valdimar** syngur lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hann er frá **Keflavík** (eins og Gunnar Þórðarson og Hljómar).

Hann er í hljómsveit sem heitir “Valdimar” eftir honum sjálfum.

Hann spilar á básúnu.

7. **Hlusta**

8. Textinn fjallar um **þakklæti**, að vera þakklátur fyrir lífið.

9. **Magnús Kjartansson** samdi lagið og textann.

Hann ólst upp í **Keflavík**.

Hann er píanó- og hljómborðsleikari.

Hann er líka tónskáld og textahöfundur.

10. **Haukur Heiðar** Hauksson söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hann er söngvari í hljómsveitinni Dikta.

11. **Hlusta**

12. Textinn “Don’t try to fool me” þýðir “**ekki reyna að plata mig**”.

Fjallar um að viðurkenna að maður sé ástfanginn.

13. **Jóhann G. Jóhannsson** samdi lagið og textann.

Hann ólst upp í **Keflavík**.

Hann var tónskáld og textahöfundur.

Hann var einnig listmálari.

14. **Arnór Dan** Arnarson söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hann er söngvari í hljómsveitinni Agent Fresco. Hún hefur fengið verðlaun í Músíktílaunum og á Íslensku Tónlistarverðlaununum.

15. **Hlusta**





- Óskalög þjóðarinnar 1974-83

1. **1974-1983**

2. Textinn fjallar um unga konu sem býr í **bragga** í Reykjavík á árum seinni heimstyrjaldarinnar.

Þá voru **Bretinn** og **Kaninn** búnir að hernema Ísland.

3. **Magnús Eiríksson** samdi lagið og textann.

Hann byrjaði að læra sjálfur á gítar 12-13 ára gamall.

Hann er laga- og texta-höfundur.

Hann spilar með hljómsveitinni Mannakorn og hefur gefið út diska með KK.

Hann átti hljóðfæraverslun í Reykjavík: Rín.

4. **Andrea Gyfadóttir** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hún syngur blús-tónlist.

Hún er söngvari í hljómsveitinni Todmobile.

5. **Hlusta**

6. Textinn fjallar um **fjöll** og um **sálina**. Það er erfitt að túlka textann, um ást og tilfinningar.

7. **Bubbi Morthens** samdi lagið og textann.

Hann heitir fullu nafni Ásbjörn Kristinsson Morthens.

Hann hefur verið í hljómsveitum eins og Utangarðsmenn, Egó og GCD.

Hann spilar oft sem trúbador (einn með gítarinn).

8. Bubbi hélt fræga tónleika árið 2006 í tilefni 50 ára afmælis síns:

“06.06.06”.

Þar spilaði hann meðal annars lagið “Fjöllin hafa vakað” með hljómsveitinni Egó.

Hlusta á “Fjöllin hafa vakað” frá tónleikunum.

9. Í Óskalögum þjóðarinnar söng Davíð Þór Hlinason lagið.

Hann er í hljómsveitinni Buttercup.

Hlusta

10. Textinn fjallar um að **sakna** annarrar manneskju.

Lífinu líkt við sumarið, dauðanum líkt við veturinn.





11. **Jóhann Helgason** samdi lagið.

Hann er söngvari og lagahöfundur.

Hann hefur bæði sungið einn og með öðrum, m.a. með Magnúsi Þór Sigmundssyni sem “Magnús og Jóhann” og með Helgu Möller sem “Þú og ég”.

12. **Vilhjálmur Vilhjálmsson** samdi textann og söng lagið upphaflega.

Hann dó sjálfur stuttu seinna í flugslysi (var flugmaður).

13. **Stefán Hilmarsson** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hann er söngvari í hljómsveitinni Sálin hans Jóns míns.

14. **Hlusta**

• Óskalög þjóðarinnar 1984-93

1. **1984-1993**

2. Textinn fjallar um að **búa á götunni**, eiga hvergi heima, eiga ekkert – nema kannski gítar til að spila á.

3. Kristján Kristjánsson **KK** samdi lagið og textann.

Hann fæddist í Bandaríkjunum, flutti aftur til Íslands með fjölskyldunni.

Hann lifði sem **götuspilari** um Evrópu í 5 ár.

Hann spilar blús- og þjóðlaga-tónlist.

Systir hans er Ellen Kristjánsdóttir söngkona, þau syngja saman lagið “When I think of angels”

Hann hefur spilað með Magnúsi Eiríkssyni, þeir hafa gefið út diskana með ferðalögum (sbr. Braggablús sem við töluðum um í síðustu viku).

4. **Elín Ey** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hún er dóttir Ellenar Kristjánsdóttur.

Hún syngur og spilar á gítar.

Hún er í hljómsveitinni **Sísí Ey** með systur sínum (sbr. Elísabet Eypórsdóttir sem söng lagið Einu sinni á ágústkvöldi í Óskalögum þjóðarinnar).

5. **Hlusta**

6. Textinn fjallar um **ástarsorg**, um hvíta hesta, um drauma.

Vísar í þekkt **leikrit** eftir William Shakespear.





7. **Bubbi Morthens** samdi lagið og textann (sbr. lagið Fjöllin hafa vakað sem við töluðum um í síðustu viku).
Hann heitir fullu nafni Ásbjörn Kristinsson Morthens.
Hann hefur verið í hljómsveitum eins og Utangarðsmenn, Egó og GCD.
Hann spilar oft sem trúbador (einn með gítarinn).
 8. **Ágústa Eva** Erlendsdóttir syngur lagið í Óskalögum þjóðarinnar (sbr. lagið Sjömannavalsinn sem við höfum talað um).
Hún er söngkona og leikkona, hefur leikið meðal annars Sylvíu Nótt og Línu Langsokk.
 9. **Hlusta**
 10. Textinn fjallar um að **sakna** annarrar manneskju.
Um **tímann** sem líður áfram.
Um **stjörnur** sem tákn fyrir ástfagnar manneskjur, tvær sem fylgjast að.
 11. **Megas** samdi lagið og textann.
Hann heitir fullu nafni Magnús Þór Jónsson.
Hann fæddist árið 1945.
Hann er tónskáld, rithöfundur og teiknari, listamaður í húð og hár.
Hann hefur fengið **verðlaun fyrir textana** sína.
Hann hefur sætt mikilli gagnrýni í gegnum tíðina fyrir texta, framkomu og sérstakan söngstíl.
 12. **Björn Jörundur** söng lagið í Óskalög þjóðarinnar (sbr. lagið Ó borg mín borg sem við höfum talað um).
Hann er söngvari í hljómsveitinni Nýdönsk.
Hann er líka leikari.
 13. **Hlusta**
- Óskalög þjóðarinnar 1994-2003
 1. **1994-2003**
 2. Textinn fjallar um einhvern sem er dáinn, að trúá á Guð og **engla**, að við hittumst aftur eftir dauðann, að óska **góðrar ferðar** (godspeed).





3. Kristján Kristjánsson **KK** samdi lagið og textann (sbr. lagið Vegbúinn sem við höfum talað um).
Hann fæddist í Bandaríkjunum, flutti aftur til Íslands með fjölskyldunni.
Hann lifði sem götuspilari um Evrópu í 5 ár.
Hann spilar blús- og þjóðlaga-tónlist.
Hann hefur spilað með Magnúsi Eiríkssyni, þeir hafa gefið út diskana með ferðalögum (sbr. lagið Braggablús sem við höfum talað um).
Systir hans er Ellen Kristjánsdóttir söngkona.
4. **Ellen Kristjánsdóttir** söng lagið upphaflega með bróður sínum.
Þau syngja um systur sína sem dó í bílslysi.
Hlusta
5. **Svavar Knútur** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.
Hann syngur og spilar á gítar.
Hann er frá Vestfjörðum.
Hann hefur gefið út diska með rólegum lögum, “Kvöldvaka”, “Amma” og “Ölduslóð”.
Hann tók þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins árið 2013 með lagið “Lífið snýst”.
6. **Hlusta**
7. Textinn fjallar um að vera **ósáttur við lífið**, að finnast maður vera að tapa (**loser**).
8. Hljómsveitin **Sólstrandargæjarnir** samdi lagið og textann.
Hljómsveitin er fræg fyrir fyndna og skrytna texta.
Jónas Sigurðsson og **Unnsteinn** Guðjónsson.
Jónas Sigurðsson er orðinn vinsæll aftur með hljómsveitum sínum “Ritvélar framtíðarinnar” og “Drangar”.
9. **Jón Jónsson** söng lagið í Óskalögum þjóðarinnar.
Hann syngur, spilar á gítar og semur tónlist.
Hann er líka **fótboltamaður** og **hagfræðingur**.
Hann söng Þjóðhátíðarlagið 2014 “Ljúft að vera til”.
10. **Hlusta**
11. “Ljúft að vera til” eftir Jón Jónsson, Þjóðhátíðarlagið 2014. Fjörugt lag.
“Hvert örstutt spor”, texti eftir Halldór Laxness, Svavar Knútur syngur.
Rólegt lag.





12. “Grand Hótel” eftir KK. Rólegt lag.

“Hamingjan er hér” með Jónasi Sigurðssyni og Ritvélum framtíðarinnar.
Hresst danslag.

• Óskalög þjóðarinnar 2004-14

1. **2004-2014**

2. Textinn fjallar um að verða **ástfanginn**, eins og einhver sé að snerta hjarta manns.

3. **Toggi** samdi lagið.

Hann hefur samið lög fyrir eigin hljómsveit en einnig fyrir aðra tónlistarmenn.

Hann er eins og “**maðurinn á bak við tjöldin**” – semur lög en aðrir gera þau fræg.

4. **Páll Óskar** samdi textann.

Hann er söngvari, lagahöfundur og plötusnúður.

Hann syngur **diskó** og ballöður.

Hann fæddist í Reykjavík árið 1970.

Hann átti 7 eldri systkin. Systir hans, Sigrún Hjálmtýsdóttir, kölluð Diddú, er fræg söngkona.

5. Hljómsveitin **Hjaltalín** gerði lagið frægt.

Þau nota óhefðbundin hljóðfæri, meðal annars **fagott**.

Hlusta

6. **Unnsteinn Manuel** syngur lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hann byrjaði ungur að spila og semja tónlist.

Hann er í hljómsveitinni Retro Stefson sem spilar hressa danstónlist.

7. **Hlusta**

8. Textinn fjallar um hvað **tíminn líður**.

Um **æskuprá**, að sakna þess sem liðið er.

9. **Bjartmar Guðlaugsson** samdi lagið og textann.

Hann er tónlistarmaður, skáld og myndlistarmaður.

Hann er frægur fyrir textana sína.





10. **Lay Low** og **Raggi Bjarna** sungu lagið í útvarpinu.

Lay Low: söng einnig lagið "Litla flugan" sem við höfum talað um, heitir Lovísa Elísabet, trúbador.

Raggi Bjarna: hefur sungið með ýmsum hljómsveitum og tónlistarmönnum og syngur enn, byrjaði sinn feril sem trommuleikari.

11. **Páll Rósinkranz** syngur lagið í Óskalögum þjóðarinnar.

Hann byrjaði sinn tónlistarferil sem söngvari í rokk-hljómsveitinni **Jet Black Joe**.

Síðan fór hann að syngja **ballöður**.

12. **Hlusta**

13. "Ást sem endist" eftir Pál Óskar. Lagið kom út sumarið 2015. Hresst danslag.

"Þetta lag" eftir Valgeir Guðjónsson, Raggi Bjarna syngur. Rólegt lag.

14. "Kimba" með hljómsveitinni Retro Stefson. Hresst danslag.

"Please don't hate me" með Lay Low. Lag í rólegra kantinum.

- Eurovision 1

1. **Eurovision**

2. Nafnið samsett af **Evrópa** (Europe) og **sjónvarp** (television).

3. Merkja inn á kortið.

Fáninn er grænn, hvítur og appelsínugulur

Höfuðborg Írlands heitir **Dublin**.

4. Írland vann Eurovision árið **1987** með lagið "**Hold me now**".

5. **Johnny Logan** samdi lagið og textann og söng.

Hefur unnið Eurovision þrisvar: 1980 með "What's another year", 1987 með "Hold me now" og 1992 með "Why me?" (söng ekki sjálfur).

6. **Hlusta** á "Hold me now"

7. Merkja inn á kortið.

Norski fáninn er blár og hvítur kross á rauðum bakgrunni.

Höfuðborg Noregs heitir **Osló**.

8. Noregur vann Eurovision árið **2009** með lagið **Fairytale**.

9. **Alexander Rybak** samdi lagið og textann og söng.

Fæddur í Hvíta-Rússlandi.

Spilar á **fiðlu**.





10. **Dansinn** heitir **Halling**.

Hefðbundinn norskur dans, skyldur kósakka-dansi frá Rússlandi og “head-spinning” frá Bandaríkjunum.

11. **Hlusta** á “Fairytale”

12. Johnny Logan: “What’s another year?” (Írland 1980)

Molly Sterling: “Playing with numbers” (Írland 2015)

13. Bobbysocks: “La det swinge” (Noregur 1985)

Mörland og Debrah Scarlett: “A monster like me” (Noregur 2015)

- Eurovision 2

1. **Eurovision**

2. Nafnið samsett af **Evrópa** (Europe) og **sjónvarp** (television).

Ástralía tekur þátt sem gestur í keppninni í ár.

3. Merkja inn á kortið.

Fáninn er blár og gulur.

Höfuðborg Svíþjóðar heitir **Stokkhólmur**.

Svíþjóð hefur oft unnið Eurovision.

4. Svíþjóð vann Eurovision í fyrsta skipti árið **1974** með lagið “**Waterloo**”.

Lagið þótti nýtt í Eurovision á þeim tíma: hress taktur, litríkir búningar, dans/æfðar hreyfingar, sungið á ensku í staðinn fyrir sænsku.

Lagið var valið besta lag Eurovision-keppinnar allrar árið 2005.

5. Hljómsveitin **ABBA** söng lagið.

Agnetha, Benny, Björn og **Anni-Frid** (Frida).

Benny og Björn hafa samið mörg lög saman.

Agnetha og Björn voru gift, Benny og Anni-Frid voru gift. Bæði hjónin skildu.

Hljómsveitin “skildi” líka árið 1982 – sögur um rifrildi meðal meðlima.

6. **Söngleikurinn** “Mamma mia” var fyrst settur upp árið 1999.

Kvikmyndin kom út árið 2008.

Byggir á vinsælustu lögum ABBA.

7. **Hlusta** á “Waterloo”.





8. Merkja inn á kortið.

Úkraínski fáninn er blár og gulur (sbr. Svíþjóð).

Höfuðborg Úkraínu heitir **Kiev (Kænugarður)**.

Úkraína í Austur-Evrópu, tekur ekki þátt í ár (vegna pólitískra deilna í landinu).

9. Úkraína vann Eurovision árið **2004** með lagið **Wild Dances**.

10. **Ruslana** söng lagið og tók þátt í að semja það.

Hún er söngkona, dansari og **stjórnmalakona** (hefur setið á úkraínska þinginu).

Hún hefur verið verðlaunuð sem áhrifamikil kona, bæði í Úkraínu og alþjóðlega.

11. **Hlusta** á “Wild dances”.

12. Úkraína 2007: Verka Serduchka með “Dancing Lasha Tumbai”

Svíþjóð 1984: Herreys með “Diggi loo diggi ley”

13. Svíþjóð 2012: Loreen með “Euphoria”

Svíþjóð 2015: Måns Zelmerlöw með “Heroes”

- Eurovision 3

1. **Eurovision**

2. Svíþjóð vann keppnina í ár (2015) með lagið “**Heroes**” sungið af Måns Zelmerlöw.

Tölvugrafík á sviðinu.

3. Merkja inn á kortið.

Finnski fáninn er blár og hvítur.

Höfuðborg Finnlands heitir **Helsinki**.

Finnland hefur aðeins unnið Eurovision einu sinni.

4. Finnland vann Eurovision árið **2006** með lagið **Hard Rock Halleluja**.

Þetta er fyrsta **pungarokks**-lagið sem hefur unnið Eurovision.

5. Hljómsveitin **Lordi** samdi og flutti lagið.

Kemur alltaf fram í **skrímsla-búningum**.

6. **Hlusta** á “Hard Rock Halleluja”





7. Merkja inn á kortið.

Fáninn er rauður og hvítur, heitir **Dannebrog**.

Höfuðborg Danmerkur heitir **Kaupmannahöfn**.

Danmörk hefur unnið keppnina þrisvar.

8. Danmörk vann Eurovision árið **2000** með lagið **Fly on the wings of love**.

Enginn átti von á að lagið myndi vinna, gamaldags ballaða, ekki mikið "show" á sviðinu.

9. **Olsen-bræður**

Jørgen og Niels (Noller).

Stofnuðu fyrstu hljómsveitina sína saman aðeins 11 og 15 ára gamlir.

Meðal elstu keppenda í Eurovision

10. **Hlusta** á "Fly on the wings of love"

11. Lordi: "Devil is a loser"

Danmörk 2001: Rollo og King, "I'll never ever let you go".

12. Finnland 2015: Pertti Kurikan Nimipäivät, "Aina Mun Pitää"

Danmörk 2013: Emmelie De Forest, "Only Teardrops"

- Páll Óskar 1

1. **Páll Óskar**

2. Hann **fæddist 1970**. Var 45 ára í ár (2015).

Hann fékk snemma áhuga á tónlist.

Hér er hann 3 ára með gamlan **plötuspilara**.

3. Páll Óskar var **Barnastjarna**: Söng inn á sína fyrstu plötu 10 ára gamall: "Söngævintýrið Rauðhetta & Hans og Gréta", söng hlutverk Hans.

Gylfi Ægisson samdi tónlistina.

Upphafið að góðu samstarfi Páls Óskars og Gylfa Ægissonar.

4. Hann var **leikari**: Lék aðalhlutverkið í **söngleiknum** Gúmmí Tarzan 12 ára gamall.

5. Honum fannst gaman að **teikna**, teiknaði þessar auglýsingar fyrir tónleika foreldranna.

Foreldrar hans voru bæði menntaðir **söngvarar**: Hjálmtýr

Hjálmtýrsson og Margrét Matthíasdóttir.





6. **Systir** hans er fræg **söngkona**: Sigrún Hjáltýsdóttir, **Diddú**.
Hann söng með Diddú lagið “Með bæninni kemur ljósið” árið 2003.
Hlusta á lagið.
 7. Hann lék í **söngleiknum** Rocky Horror 1991. Þá varð hann **fullorðins stjarna**.
 8. Hann kom út úr skápnunum (**samkynhneigður**) 16 ára gamall.
Árið 2008 kom út í fyrsta skipti lagið “Ég er eins og ég er”, samið fyrir Gaypride (**Gleðigangan**).
 9. “Allt fyrir ástina” (kom út 2007).
“Stanslaust stuð” (kom út 1996).
- Páll Óskar 2
 1. **Páll Óskar**
 2. Fyrsta **sóló-plata** hans hét “Stuð” og kom út árið 1993.
Hún inniheldur m.a. lagið “Ljúfa líf”, **diskó**.
Hlusta.
 3. Hann gerðist söngvari hljómsveitarinnar **Milljónamæringarnir** árið 1993.
Þessi plata með Milljónamæringum inniheldur m.a. lagið “Negro José”, **samba/latin**.
Hlusta
 4. Hann gaf út sína fyrstu plötu með **Moniku, hörpuleikara**, árið 2001.
Þau gáfu 2011 út lagið “Þú komst við hjartað í mér” (Páll Óskar á textann, Hjaltalín flutti), **ballaða**.
Þau halda tónleikar á Café Flóru á hverju ári.
Hlusta
 5. Hann söng lagið **Minn hinsti dans** fyrir Íslands hönd í **Eurovision** árið 1997.
Lagið lenti í 20. sæti.
Hlusta
 6. Nýjasta lagið **Líttu upp í ljós** hefur heyrst mikið í útvarpinu í sumar.
Monika spilar á hörpu í laginu.
Hlusta





7. Velja:
“Allt fyrir ástina” (kom út 2007).
“Stanslaust stuð” (kom út 1996).
8. Velja:
“Betra líf” (2008).
“Ást sem endist” (2015).

- Sálin hans Jóns míns 1

1. **Sálin hans Jóns míns**
2. Nafn hljómsveitarinnar kemur af því að:
hún spilaði upphaflega **sálar-tónlist** (þróaðist meðal blökkumanna í Bandaríkjunum, skyld gospel, rokk og blús),
einn af stofnendum hljómsveitarinnar hét Jón,
það vísir í íslenska **þjóðsögu**: Sálin hans Jóns míns.
3. Fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út árið **1988** og hét “Syngjandi sveittir”.
Á henni var fyrsta vinsæla lagið “**Á tjá og tundri**”.
Hlusta.
4. **Söngvari** hljómsveitarinnar er **Stefán Hilmarsson**.
Hann hefur verið með frá upphafi.
5. Árið 1988 (sama ár og hljómsveitin var stofnuð) söng Stefán Hilmarsson fyrir Íslands hönd í **Eurovision** lagið **Sókrates**.
Hlusta
6. **Gítarleikari** hljómsveitarinnar heitir **Guðmundur Jónsson**.
Hann hefur einnig verið með frá upphafi.
Hann hefur samið mörg lög hljómsveitarinnar.
7. Næsta plata hljómsveitarinnar kom út strax árið eftir, 1989, og hét **Hvar er draumurinn** eftir titillagið.
Hlusta
8. Velja:
“Hjá þér” (rólegt).
“Sódóma” (rokk).





- Sálin hans Jóns míns 2

1. **Sálin hans Jóns míns**

2. Árið 1992 kom út platan “Þessi þungu högg”. Á henni var spiluð tónlist í stíl við **þungarokk**. Meðal annars lagið “Ég þekki þig”.

Hlusta.

Eftir þetta hætti hljómsveitin að spila saman um tíma...

3. Árið 2003 hélt Sálin Hans Jóns Míns tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands – kallaðir **Sálin og Sinfó**.

Það hafði ekki verið gert oft áður að rokk-hljómsveit spilaði með sinfóníu-hljómsveit. En margar hljómsveitir áttu eftir að fara í kjölfarið...
Hlusta á lagið “Vatnið” með Sálinni og Sinfó.

4. Árið 2003 var gerður **söngleikur** sem byggir á lögum eftir Sálina hans Jóns míns og heitir **Sól og Máni**.

Þaðan kemur meðal annars lagið “Sól ég hef sögu að segja þér”.

Hlusta

5. Árið 2006 hélt hljómsveitin tónleika með **Gospelkór Reykjavíkur**.

Hlusta á lagið “Handrit lífsins” með Sálin og Gospelkór Reykjavíkur.

6. Sálin hans Jóns míns samdi og söng **Þjóðhátíðarlagið** í ár (2015):
“Haltu fast í höndina á mér”.

Hlusta

7. Velja:

“Hæ” af plötunni Þessi þungu högg (þungarokk).

“Á nýjum stað” úr söngleiknum Sól og Máni.

- The Beatles 1

1. **The Beatles** (Bítlarnir)

2. Hljómsveitin var stofnuð í **Liverpool** árið **1960**.

3. **Paul McCartney**

Spilar á **bassa**

Samdi mörg lög Bítlanna, meðal annars fyrsta vinsæla lagið þeirra
“Love me do”.

Hlusta





4. **John Lennon.**

Spilaði á **gítar**.

Samdi mörg lög með Paul McCartney, en líka sjálfur, meðal annars lagið “Woman”.

Hlusta

5. **George Harrison**

Spilaði á **gítar**

Samdi meðal annars lagið “Here comes the sun”

Hlusta

6. **Ringo Starr**

Spilar á **trommur**.

Hefur meðal annars samið lagið “Octopus’ garden”.

Hlusta

7. Velja:

“All you need is love” (eftir Paul McCartney og John Lennon)

“Something” (eftir George Harrison)

8. Velja:

“I want to hold you hand” (eftir Paul McCartney og John Lennon)

“Don’t pass me by” (eftir Ringo Starr)

• The Beatles 2

1. **The Beatles** (Bítlarnir)

2. **Friðarsúlan** er tendruð ár hvert á afmælisdegi Johns Lennon (9. október).

Friðarsúlan er listaverk eftir **Yoko Ono** sem var kona Johns Lennon.

Friðarsúlan er tákn um baráttuna fyrir **frið** í heiminum. Eins og lagið “Imagine” eftir John Lennon.

Hlusta

3. Fljótlega eftir að Bítlarnir gáfu út sína fyrstu plötu urðu þeir svo vinsælir að það varð allt brjáláð þegar þeir héldu tónleika.

Þetta hefur verið kallað **bítlaæðið** (beatlemania).

Lagið “Twit and shout” lýsir þessu æði mjög vel. Lagið er ekki eftir Bítlana en hér syngur John Lennon. Það er sagt að hann hafi gefið sig allan í það og verið raddlaus eftir upptökuna.

Hlusta





4. Bítlarnir gerðu fimm **bíómyndir** þar sem þeir voru sjálfir **leikarar**.
Sú fyrsta, “A Hard Day’s Night”, fjallar um bítlaæðið.
Horfa á brot úr myndinni með titillaginu.
5. Ein vinsælasta plata sem Bítlarnir hafa gefið út er **Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band**.
Hún hefur verið valin besta plata allra tíma og hefur fengið mörg verðlaun.
Hún hefur verið álitin **listaverk**, hljómsveitin prófaði nýja hluti í tónlistinni sem aldrei höfðu verið prófaðir áður.
Hlusta á lagið “Sgt. Peppers lonely hearts club band”.
6. Síðustu tónleikar Bítlanna voru **tónleikar á þakinu** á upptökuveri þeirra í London árið **1969**.
Þetta kom öllum á **óvart**, og lögreglan endaði með að biðja þá um að lækka í tónlistinni.
Þeir spiluðu meðal annars lagið “Get Back”.
Hlusta
7. Velja:
“Yellow Submarine” úr kvikmyndinni af sama nafni.
“When I’m Sixty Four” af plötunni Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band.
8. Velja:
“Magical Mystery Tour” úr kvikmyndinni af sama nafni.
“Lucy in the sky with diamonds” af plötunni Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band.

- Helgi Björnsson 1

1. **Helgi Björnsson**
2. Helgi Björnsson var **söngvari** í hljómsveitinni **Grafík** 1984-86.
3. Grafík gerði meðal annars lagið **Húsið** og ég (“Mér finnst **rigningin** góð”).
Hlusta á lagið.
4. Helgi Björnsson stofnaði hljómsveitina **SSSól** (Síðan Skein Sól) árið 1987.





5. SSSól gerði lagið **Halló ég elska þig**.
Hlusta á lagið.
6. Helgi Björnsson er **leikari** og hefur leikið í mörgum bíó-myndum.
Síðast lék hann í “Reykjavík Whalewatching Massacre”
(hryllingsmynd).
Skoða stutta klippu úr myndinni.
7. Velja:
Helgi Björns og Reiðmenn vindanna: “Ríðum sem fjandinn”.
Graffík: “Þúsund sinnum segðu já”.
8. Velja:
SSSól: “Síðan hittumst við aftur”
Helgi Björns syngur íslenskar dægurperlur í Hörpu: “Sem lindin tær”

- Helgi Björnsson 2

1. **Helgi Björnsson**
2. Helgi Björnsson var að gefa út nýjan geisladisk sem heitir **Veröldin er ný**.
Á disknum eru 10 ný lög sem hann hefur sjálfur tekið þátt í að semja.
Róleleg, notaleg tónlist.
Lagið sem hefur hingað til verið mest spilað í útvarpinu er “Ég fer á Landrover frá Mývatni á Kópasker”.
Hlusta á lagið.
3. Helgi Björnsson er **dómari** í sjónvarpsþáttunum **The Voice**, sem er söng-keppni á Skjá Einum.
Skoða myndband þar sem hann sést í dómarasætinu þegar tveir keppendur syngja “Will you still love me tomorrow?”
4. Helgi Björnsson tók þátt í sjónvarpsþáttunum **Hljómskálinn** fyrir nokkrum árum.
Þá var líka gefinn út geisladiskur.
Hann samdi og söng lagið “Finish on top” með **John Grant**.
Hlusta á lagið.
5. Velja:
Af disknum Veröldin er ný: “Lapis Lazuli”.
Helgi Björns og Reiðmenn vindanna: “Viltu dansa?”





Líf mitt með öðrum - Tónlist

6. Velja:

Úr sjónvarpsþáttunum The Voice: “Son of a preacher man”

SSSól: “Geta pabbar ekki grátið?”

